

**7.1. VIÐURLÖG.****7.1.1. Brot á reglugerðinni.**

7.1.1.1. Brot gegn reglugerð þessari varða sömu viðurlögum og brot gegn póstlögum.

**8.1. ÝMIS ÁKVÆÐI.****8.1.1. Póstþjónusta við önnur lönd.**

8.1.1.1. Ákvæði reglugerðarinnar gilda einnig um póstþjónustu við önnur lönd að svo miklu leyti sem þau fara ekki á bága við milliríkjasamninga um póstþjónustu.

**8.1.2. Framkvæmd reglugerðarinnar.**

8.1.2.1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 38. gr. póstlaga nr. 33/1986 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir póstþjónustu nr. 138/1982 og reglugerð um giróþjónustu pósts- og síma nr. 55/1971.

*Samgönguráðuneytið, 30. mars 1990.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

**REGLUGERÐ****um námskeið fyrir löggilta vigtarmenn.****1. gr.**

Löggiltir vigtarmenn geta þeir einir orðið, sem sótt hafa námskeið hjá Löggildingarstofunni og fengið um það skilríki. Lögreglustjórum er óheimilt að löggilda vigtarmenn nema gegn framvisun slíks skilríkis.

**2. gr.**

Löggildingarstofunni er heimilt að taka námskeiðsgjald, sem nægir fyrir kostnaði við námskeiðshaldið.

**3. gr.**

Hvert námskeið skal standa minnst í 2 daga og mest 3 daga, þar sem samanlagður kennslustundafjöldi er 16–18 stundir.

**4. gr.**

Jafnan skulu námskeiðin haldin í Reykjavík, en heimilt er að halda námskeiðin utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun forstöðumanns Löggildingarstofunnar, ef nægileg þátttaka fæst.

**5. gr.**

Helsta kennsluefni skal vera sem hér greinir:

**1. Tölur, talnameðferð.**

Farið skal yfir skráningu tölulegra upplýsinga, frágang þeirra upplýsinga, eigið eftirlit, reikningsskil, töluvædda skráningu og frágang vottorða.

2. *Vigtun, vigtunaraðferðir.*

Einkum verður fjallað um heimil frávik, hámark og lágmark, undirstöðuatriði vigtunar svo og heilvigtun og hlutavigtun. Kynnt lög um stjórn fiskveiða og reglugerð um vigtun sjávarafla. Fjallað um samskipti við hafnaryfirvöld.

3. *Uppbygging voga.*

Gerð verður grein fyrir rafeindavogum og mekanískum vogum. Þá verður farið yfir einstaka vogarhluta. Fjallað verður um hversu miklu máli umhverfi og aðstæður á vigtunarstað skipta.

4. *Stilling, löggilding.*

Almennri mælifræði og löggiltri mælifræði verða gerð skil. Þá verður farið yfir alþjóðlega samræmingu, þ.á m. O.I.M.L., alþjóðlega mælifræðistofnunin. Þá verður fjallað um einingar staðla og uppruna staðla. Einnig verður greint frá S.I. einingum. Að lokum verður fjallað um áreiðanleika voga og viðskiptalegt traust.

5. *Löggilding voga.*

Hér verður skýrt frá vinnubrögðum og verklagsreglum við löggildingu voga, og hvaða vinnuaðferðir eigi að nota. Lítillega skýrt frá tegundarviðurkenningum.

6. *Lög og reglur.*

Gerð verður grein fyrir lagalegri hlið mála og þeim hefðum sem ríkja. Ábyrgð vigtarmanna.

6. gr.

Við námskeiðslok skulu vigtarmenn sýna fram á að þeir hafi tileinkað sér helstu atriði sem þeir þurfa að kunna skil á.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 60 3. nóvember 1915 um löggilta vigtarmenn, til þess að öðlast gildi 1. maí 1990.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á árinu 1990, meðan þeir vigtarmenn, sem löggiltir hafa verið fyrir útgáfu þessarar reglugerðar, hafa eigi átt þess kost að komast á námskeið, þá er Löggildingarstofunni heimilt að veita þeim undanþágu er starfa sem löggiltir vigtarmenn. Þó skal eigi veitt undanþága fyrir löggilta vigtarmenn, sem vigta sjávarafla, nema fram til 1. júlí 1990.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. apríl 1990.*

**Óli Þ. Guðbjartsson.**

*Hjalti Zóphóníasson.*